

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveitfesti þurfalings. 3
2. maí

Hreppsnefnd Engihlíðarhrepps hefir með brjefi, dags. 29. desember f. á., skotið til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 3. september f. á., sem ákveður að Engihlíðarhreppur sje skyldur að framfæra þurfalinginn Ara Hermann Ólafsson.

Pótt úrskurði þessum sje skotið til stjórnarráðsins nokkuð löngu eftir að frestur sá, sem ákveðinn er í 76. gr. fátækralaganna virðist útrunninn, virðist stjórnarráðinu rjett eftir atvikum að taka áfrýjunina til greina.

Nefndur þurfalingur er fæddur í Engihlíðarhreppi árið 1873, en fluttist til Reykjavíkur árið 1895 og hefir dvalist þar síðan. Þann 5. október 1909 var honum veittur fyrst sveitarstyrkur sem innanbæjarmanni og þar á eftir alt til ársloka 1915. En um það leyti var byrjað að rannsaka sveitfesti þurfalinga bæjarins, þar á meðal nefnds Ara Hermanns, og við rannsókn þessa kom það í ljós, að fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur í marsmánuði 1904 hafði hann undirgengist að greiða 10 króna sekt fyrir ólöglega húsmensku vistarárið 1903—1904. Borgarstjóri telur nú, að sveitfestisdvöl Ara Hermanns hafi rofnað við þessa ólöglegu dvöl, og krefst að framfærslusveit hans, Engihlíðarhreppur, greiði $\frac{2}{3}$ styrks þess, sem þurfalingnum hefir verið veittur eftir 20. júní 1916, því að frekari endurgjaldskröfu telur hann tilgangslaust að fara fram á, en nefndan dag gerði borgarstjóri fyrst kröfu um endurgjald og þurfalinginn viðurkendan sveitlægan í Engihlíðarhreppi.

Gagnvart þessu hefir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps haldið því fram, að ósannað sje að Ari Hermann hafi dvalið í ólöglegri húsmensku árið 1903—1904, og þótt svo hefði verið, sliti það ekki sveitfestisdvöl hans í Reykjavík á annan hátt en þann, að hann hefði ekki unnið sjer sveit á þeim tíma, því að dvölina fyrir og eftir megi leggja saman og hefði hann þannig frá 1895 til hausts 1909, án þess að þiggja sveitarstyrk, alls dvalið $14\frac{1}{2}$ ár í bænum og loks heldur oddviti hreppsnefndarinnar því fram, að styrkurinn, úr bæjarsjóði 1909 og þar eftir, hafi verið ólöglega veittur sveitarstyrkur og sliti því ekki sveitfestisdvölina.

Í lögreglurjettarhaldi því, sem að framan nefnt og fór fram 28. mars 1904, skýrir Ari Hermann svo frá: »að hann nokkur undanfarin ár hafi verið vinnumaður hjá Pjetri Hjaltested hjer í bænum, en 27. maí f. á. hafi hann gift sig og farið að búa með konu sinni í húsnæði, sem þau höfðu útaf fyrir sig hjá Pjetri og höfðu þau dúk og disk útaf fyrir sig, en að hann (yfirheyrður) hafi verið áfram í þjónustu Pjeturs og fengið hjá honum ákveðið mánaðarkaup. Yfirheyrður kveðst ekki hafa fengið eða sótt um húsmenskuleyfi hjer í bænum«. Til þess að komast hjá frekari málssókn útaf broti á húsmenskulöggjöfinni bauðst yfirheyrður til að greiða 10 kr. sekt og málskostnað að auki en umboðsmaður húsráðanda Pjeturs Hjaltested, er um þessar mundir var erlendis, bauðst til að greiða 5 kr. sekt fyrir umbjóðanda sinn, fyrir að hafa haldið Ara Hermann ólöglega í húsum sínum.

Samkvæmt þessu, er hjer er sagt, er það ekki vafamál, að Ari Hermann

3 hefir ekki haft hjer í bænum löglega dvöl vistarárið 1903—1904 og þar til hon-
 2. maí um var veitt húsmenskuleyfi 26. maí 1904 og að sveitfestisdvöl hans í Reykjavík hefir þar með rofnað, en að leggja saman dvalarár þurfalingsins fyrir og eftir nefnt tímabil til ársins 1909, er hann þáði fyrst fátækrastyrk hefir við engi lög að styðjast, og mótmæli oddvita Engihlíðarhrepps gegn því, að hinn veitti styrkur hafi verið sveitarstyrkur, virðist að líkindum sprottinn af misskilningi, er stafar af því að styrkur sá, er þurfalingnum var veittur sem innanbæjarmanni, er ekki afturkræfur af framfærslusveit, en með hliðsjón af 55. gr. fátækralaganna geta tjeð mótmæli annars á engan hátt tekist til greina.

Þar eð tjeður þurfalingur hefir ekki unnið sjer sveit utan fæðingarsveitar sinnar, verður hún að annast framfærslu hans, og krafa borgarstjóra Reykjavíkur um endurgreiðslu á hinum veitta styrk eftir 20. júní 1916 að takast til greina.

Því úrskurðast, að Engihlíðarhreppur sje skyldur að framfæra þurfalinginn Ara Hermann Ólafsson og endurgreiða Reykjavíkurbæ að $\frac{2}{3}$ hlutum þann fátækrastyrk, er þurfalingurinn hefir þegið þar eftir 20. júní 1916.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps.

4 *Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstaðgreiðsl-*
 3. maí *uunar í Odda að Garðsauka í Hvolhreppi.*

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 1. þ. m., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstaðgreiðslan í Odda skuli flutt 1. næsta mánaðar að Garðsauka í Hvolhreppi.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari birtingar og aðgjörða eftir því sem við á.

5 **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Gnúpverja,**
 4. jan. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands
 7. janúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Menningarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Gnúpverja, og er tilgangur hans að efla hvers konar verklegar framfarir meðal íbúa Gnúpverjahrepps. Starfsvið sjóðsins skal einungis vera Gnúpverjahreppur.